

UPPSETNING Á YLEININGUM

- Undirbúningur:**
 - Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana. (ath. reglu um réttthyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
 - Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á búkka þannig að bárunar snúi upp. Yfirborð búkka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki.
 - Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki. Liggjandi veggeiningum er raðað neðan frá og upp. Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttlistar gægist hvergi út.
- Vinna við einingu fyrir hífingu:**
 - Þéttiefni er sett í nót á einingum þar sem þéttlista er ekki við komið.
 - Þéttlistinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í sköruninni. Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrri plötunnar, í fyrrgreint úrtak, en þá er meiri hætta á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnjaski.
 - Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágbáruna með til þess gerðu klaufjárnri.
 - Klippa þarf af yfirlöppun sbr. skýringarmyndir til hliðar.
- Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu.**
 - Innri áfellum er komið fyrir. Um er að ræða slétta vinkla við þakbrúnir og gafla og slétta renninga á samskeytalangband ef þannig háttar. Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnoðast innri kjölur eftirá, þá þarf að setja áfella ofaná burðarramma. Kíttistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á. **Áriðandi er að kíttistaumur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfella.** ATH. láréttir bitar yfir og undir gluggum/hurðum eru staðsettir eftir ásetningu veggeininga.
- Hífing á einingu.**
 - Hífingarklemmur eru settar á eininguna. Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og þakhalli. Alltaf eru notaðar tvær klemmur. Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhífingar, hinsvegar fyrir vegghífingar. Kranakeðjum(-stroffum) er krækt í klemmur. Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við eininguna í hífingunni.
 - Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
 - Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2. Gott er að tylla einingu með einni skrúfu í neðsta langband.
 - Lagðar eru út 4-6 einingar eftir því sem henta þykir m.t.t. málína hússins.
- Afrétting á einingum.**
 - Mikilvægt er að pressa einingarnar í sama mál í báða enda.**
 - Hver eining klæðir 1000 mm.
 - Viðbúið er að pressa þurfi einingar í þaki um 10 - 20 mm. (þ.e.a.s í hverju 4-6 eininga setti) Þegar pressað er þarf að losa um skrúfur sem notaðar voru til að tylla einingunum að neðan. Þessu næst eru einingar fullskrúfaðar og næstu 4-6 einingar settar niður á sama hátt og að framan er lýst.
 - Vanda skal til skrúfunar þannig að ekki dældist undan skrúfu/skinnu

Mikilvægt er að verklýsingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.

Til fróðleiks:

Varðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3-4 í uppsetningu eininga, fleiri í stórum verkum. Toppar í skrúfvélur eru 10 mm eða 3/8".


Tafla sýnir mismunandi borstærðir fyrir þá stálþykkt sem borað er í

Stálþykkt	Borstærð	Skrúfur
1,0 - 2,0 mm	Ø 4,00 mm	A
2,1 - 3,0 mm	Ø 5,05 mm	A
3,1 - 3,9 mm	Ø 5,05 mm	BZ
4,0 - 8,0 mm	Ø 5,65 mm	BZ
8,1 - 15,0 mm	Ø 5,80 mm	BZ
+ 15,0 mm	Ø 5,95 mm	BZ

Litur	Úti	Inni
Þak	Rautt RAL7011	RAL 9002


Við mæni/þakglugga og þversamskeyti

Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram þéttlista og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttlisti nái að þétta (tengjast þéttlista).



Almennar skýringar

ST-173 Yleiningar á þak



- ① 0,6 mm stálplötur með 0,05mm plexipolyesterhúð
- ② Steinullareinangrun

Kólnunartala fyrir einingu 0,28 W/m² °C